

sjá og hafi því málflutningsskrifstofa þeirra bakað honum hinn umstefnda málskostnað að ófyrirsynju og þarflausu og sé honum því ekki skylt að greiða hann.

Stefnandi hefir mótmælt framangreindri varnarástæðu stefnds og haldið fast við kröfur sínar í málinu.

Eftir málavöxtum þeim, sem lýst er hér að framan verður að fallast á það hjá stefndum, að umrædd málshöfðun málflutningsskrifstofu stefnanda og meðstefnds af hálfu stefnds Ósvalds á hendur Hvitabandinu, hafi eftir þeim aðstæðum, er fyrir hendi voru er málshöfðunin hófst, ekki verið forsvaranleg, og verður stefndum, sem er ólög-lærður og fór því að sjálfsögðu eftir ráðleggingum málflutningsskrifstofunnar í þessu efni ekki talið skylt að greiða kostnaðinn við málflutninginn og ber því að taka kröfu hans um sýknu til greina, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í þessu máli falli niður.

Föstudaginn 24. apríl 1936.

Nr. 8/1936. **Jósef Eggertsson** (Lárus Jóhannesson)
gegn

Eyþór Hallssyni (Enginn).

**Kaupkrafa vélstjóra og bótakrafa vegna fyrirvara-
lausrar uppsagnar tekin til greina.**

Dómur sjóréttar Sigluffarðar 24. desember 1935: Stefndur, Eyþór Hallsson, skipstjóri Siglufirði greiði stefnandanum, Jóni Jóhannessyni fiskimatsmanni Siglufirði f. h. Jóseps Eggertssonar vélstjóra Reykjavík, kr. 3141.11, en sé sýkn af frekari kröfum stefnanda. Stefnandi hafi sjóveðrétt í skipinu e/s Bjarki Siglufirði fyrir hinu til-dæmda.

Hið ídæmda að greiða innan 3ja daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu er skotið til hæstaréttar með stefnu útgefinni 21. jan. þ. á., og þingfest 22. apríl s. l.

Hefir stefndi hvorki mætt né mæta látið, enda þótt honum hafi verið löglega stefnt. Málið hefir því verið flutt skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna og er það dæmt eftir N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 3716.11 með 6% ársvöxtum frá útgáfu sjódomsfyrirkalls 25. okt. 1935 til greiðsludags, kr. 322.00 í málskostnað fyrir undirrétti og málskostnað fyrir hæstarétti að skaðlausu, eftir mati réttarins. Svo krefst hann og þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í e/s Bjarki, S. I. 33, fyrir dæmdum upphæðum.

Samkvæmt skýrslu áfrýjanda, sem kemur heim við framlagðan viðskiptareikning til hans frá stefndum, hefir áfrýjandi verið 1. vélstjóri á skipi stefnds, e/s Bjarka, frá 27. des. 1934 til 2. okt. 1935, fyrst við flutninga og síðar á síldveiðum. Á þessu tímabili, eða 22. júní 1935, var af skiprúmssamningur gerður milli aðilja, er gilda skyldi um óákveðinn tíma. Er tekið fram í samningnum, að starfsemi skipsins sé flutningar og kjör áfrýjanda þau, að hann hafi 500 kr. á mánuði og ókeypis fæði, en þau kjör virðist hann og áður hafa haft á skipinu. Sumarið 1935 stundaði skipið síldveiðar, en var lagt upp að veiðitíma loknum og áfrýjanda þá sagt upp starfi sínu án sérstaks uppsagnarfrests. Lét stefndur áfrýjanda þá fá áður nefndan viðskiptareikning, er sýndi kaupeftirstöðvar, er starfinu lauk 2. okt. 1935, kr. 3141.11. Áfrýjandi höfðaði síðan mál þetta fyrir sjódomi Siglufjarðarkaupstaðar og krafðist dóms fyrir nefndum kaupeftirstöðvum, auk kaups fyrir einn mánuð sökum fyrirvaralausrar uppsagnar, samkvæmt 13. gr. sjómannalaga nr. 41 frá

1930, kr. 575.00. Svo krafðist hann og málskostnaðar og viðurkenningar á sjóveðrétti í e/s Bjarka fyrir dæmdum upphæðum.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, mótmælti stefndur fyrir sjódomnum kröfu áfrýjanda um 575 krónur vegna fyrirvaralausrar uppsagnar. Hélt hann því fram, að áfrýjandi hefði eingöngu verið ráðinn á skipið til sildveiða og starfi hans því sjálf-sagt upp, er sildveiðatíma lauk. Gegn ákveðnum mótmælum áfrýjanda hefir stefndur þó ekki fært sönnur á það, að ráðningin hafi verið bundin við sildveiðitímann, enda benda ákvæði skiprúms-samningsins til hins gagnstæða. Ber því að dæma áfrýjanda upphæð þá, er hann gerir kröfu til, kr. 3716.11, en hinsvegar verða vextir ekki dæmdir, þar eð engin vaxtakrafa var gerð fyrir sjódominum. Samkvæmt þessum málsúrslitum ber stefndum og að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, er ákveðst í einu lagi 400 krónur. Loks ber að viðurkenna sjóveðrétt áfrýjanda í e/s Bjarka fyrir hinum dæmdu upphæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Eyþór Hallsson, greiði áfrýjanda, Jósef Eggertssyni, kr. 3716.11 og kr. 400.00 í málskostnað fyrir báðum réttum, og hefir áfrýjandi sjóveð í e/s Bjarki, S.Í 33, fyrir framangreindum upphæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu, dags. 25. okt. 1935 krefst stefnandinn, Jón

Jóhannesson fiskimatsmaður, Siglufirði, f. h. Jósefs Eggertssonar vélstjóra, Reykjavík, vélstjóra á e/s Bjarka, sem er eign stefnds, að stefndur Eyþór Hallsson skipstjóri, Siglufirði, verði dæmdur til þess að greiða sér eftirstöðvar af vélstjórakaupi téðs vélstjóra kr. 3141.11 svo og 500 kr. sem mánaðarkaup fyrir lögmæltan uppsagnarfrest og kr. 75.00 í fæðispeninga fyrir þann mánuð, þar sem honum var ekki sagt upp stöðu sinni á skipinu. Svo krefst og stefnandi málskostnaðar að skaðlausu, sem í málflutningnum er krafizt með kr. 322.00 samkv. sundurliðuðum reikningi og sjóveðréttar fyrir kröfunum í e/s Bjarka, Siglufirði.

Stefndur hefir mætt í málinu og viðurkennt kaupkröfu stefnanda til kr. 3141.11, en tekur fram um mánaðarkaupkröfu stefnanda, að hann hafi gert upp við Jósef Eggertsson sjálfan með kr. 3141.11 og reikningurinn framlagður í málinu sanni þetta, ennfremur að stefndur hafi verið ráðinn til síldveiða og hafi verið sjálfsagt upp, er skipið hætti síldveiðum og var lagt upp. Það hafi því legið í sjálfri ráðningunni, auk þess hafi Jósep Eggertsson unnið fyrir kaup í viku á landi að skipinu eftir að það hætti veiðum. Auk þess hafi sami maður í fyrra verið ráðinn á skipið Bjarka, en farið af án uppsagnarfrests sérstaks, er skipið hætti. Þessu hefir stefnandi ekki mótmælt, en hinsvegar krafizt mánaðarkaupts vegna ákvæða sjómannalaganna í 13. gr.

Það verður nú að telja rétt hjá stefnda, að það komi eigi í bága við ákvæði 13. gr. sjómannalaganna, að stefnandi eigi ekki kröfu til umstefndra 575 kr. vegna vantandi uppsagnar, því að þegar skipinu er lagt upp er ferðin á enda, sem ráðningin gildir fyrir og viðskipti sömu aðilja frá í fyrra og framlagður kröfureikningur um aðeins kr. 3141.11 skuld virðist benda til að aðiljar hafi litið svo a. Krafa stefnanda um 575 kr. vegna uppsagnarfrests verður því eigi tekin til greina og þá ekki heldur málskostnaðarkrafan, þar sem telja verður kr. 575.00 af kröfu stefnanda óréttmætt, en að öðru leyti verður að taka kröfur stefnanda til greina.